



Ytra mat
Heilsuleikskólinn Garðasel
Reykjanesbæ

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir
Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Höfundar: Björk Ólafsdóttir og Inga Dóra Jónsdóttir
© Menntamálastofnun, 2017.
ISBN 978-9979-0-2111-7

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	5
Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Gagnaöflun	7
Leikskólinn.	8
Leikskólinn og umhverfi hans	8
Starfsmenn.	8
Húsnæði	8
Útileiksvæði	9
Hugmyndafræði og áherslur	9
Stjórnun	10
Stjórnskipulag og skipurit.	10
Námskrá og áætlanir	10
Stjórnun og starfsmenn.	11
Fagleg forysta	12
Starfsandi og starfsánægja	13
Uppeldis- og menntastarf	14
Námsaðstæður	14
Starfshættir	14
Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barnanna	15
Námssvið	15
Velferð og líðan barna	16
Mat á námi og velferð barna	16
Foreldrasamvinna og ytri tengsl	17
Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun	17
Viðhorf foreldra	18
Samstarf við grunnskóla	18
Annað samstarf	19
Skóli án aðgreiningar	19
Sérfræðiþjónusta og sérkennsla	19
Börn með annað móðurmál en íslensku.	20
Innra mat	21
Skipulag og viðfangsefni	21
Gagnaöflun og vinnubrögð	21
Opinber birting og umbætur	21
Matsþættir	23
Samantekt.	24
Lokaorð	27
Heimildir.	28

Samantekt niðurstaðna

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og fræðsluvið einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem settar eru fram í skýrslunni en eru ekki nefndar hér.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn Garðasel er fjögurra deilda leikskóli í Reykjanesbæ. Garðasel er heilsuleikskóli og endurspeglast sú stefna vel í starfinu þar sem lögð er áhersla á hollt mataræði, hreyfingu og útiveru. Í leikskólanum er markvisst unnið að Framtíðarsýn Reykjanesbæjar um samþættingu læsis og stærðfræði. Um 26% af starfsmannahópnum eru leikskólakennarar og uppfyllir skólinn því ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Húsnæði leikskólans uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009 en huga þarf að bættri hljóðvist í nokkrum rýmum. Kominn er tími á viðhald og lagfæringu lóðar s.s. að fylla upp í djúpar holur, yfirfara hellur og tyrfa grasfleti.

Stjórnun – Skólabragur og samskipti

Leikskólinn er í góðu samstarfi við fræðsluvið Reykjanesbæjar og gott aðgengi er að sérfræðipjónustu á vegum bæjarins. Samvinna leikskólastjórnaenda er góð og þeir leggja rækt við samskipti við börn, starfsmenn og foreldra. Þeir eru með skýra verkaskiptingu, eru sýnilegir í starfi og aðgengi að þeim er gott. Leikskólastjórnaendur leiða faglegt starf í samvinnu við stjórnendateymi. Stjórnendateymið fundar vikulega og deildarstjórar eru í miklu og góðu samstarfi en leita þarf leiða til að fjölga deildarfundum. Heildstæðar vikuáætlanir sem deildarstjórnarnir unnu í sameiningu út frá framtíðarsýn Reykjanesbæjar, Aðalnámskrá leikskóla og stefnu leikskólans eru dæmi um verklag sem er til þess fallið að vera til fyrirmyndar fyrir aðra leikskóla. Upplýsingaflæði innanhúss er gott og sömuleiðis starfsandi og skólabragur, traust og gagnkvæm virðing er á milli starfsfólks og metnaður ríkir. Leikskólastjórnaendur skapa svigrúm og hvetja fólk til símenntunar. Þeir halda góða skráningu yfir þá símenntun sem starfsfólk hefur farið í en gera þarf áætlun um símenntun fram í tímann til að hún verði markvissari. Hugsa þarf að öryggismálum s.s. með því að gera viðbragðsáætlun vegna slysa sýnilega á öllum deildum, einnig ætti að hafa öryggis- og rýmingaráætlun sýnilega á deildum og gera rýmingaráætlun reglulega.

Uppeldis- og menntastarf – Velferð og líðan barna – Mat á námi og velferð barna

Samskipti starfsmanna við börnin einkennast af virðingu og umhyggju fyrir einstaklingnum og komið er fram við þau eins og jafningja. Börnin eru hvött til sjálfshjálpar og mikið er rætt við þau. Sýnilegt er að börnin eru glöð, þeim líður vel og samskipti eru góð. Markvisst er unnið að námssviðum leikskóla með hliðsjón af grunnþáttum menntunar. Dagskipulag einkennist af hópastarfi, vali og útivist. Allir starfsmenn hafa umsjón með hópastarfi en deildarstjórar bera ábyrgð á faglegu starfi í hópnum meðal annars með því að hafa vikulegar áætlanir með markmiðum og leiðum, hugmyndum og leiðbeiningum fyrir starfsmenn. Aðgengi barna að leikefni er gott og áhersla á læsi, málrækt og stærðfræði er sýnileg í umhverfinu og í starfi á deildum. Áhersla á hreyfingu er einnig sýnileg í daglegu starfi og er einn starfsmaður sem sér alfarið um skipulag og framkvæmd hreyfistunda í sal. Reglulegar skráningar eru gerðar á framförum barna og samvinna er við foreldra um mat á námi þeirra. Tækifæri felast í að auka lýðræðislega þátttöku barna og áhrif á viðfangsefni og skipulag leikskólastarfsins.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Foreldrar eru ánægðir með starfsemi leikskólans, samskipti við stjórnendur og starfsmenn. Mikil ánægja er með upplýsingastreymi frá leikskólanum og voru facebook-síður deilda sérstaklega nefndar í því samhengi. Foreldraráð er starfandi við leikskólann og eru tveir fulltrúar í því. Erfiðlega hefur gengið að fá foreldra í ráðið og leita ætti leiða til að breyta því svo unnt sé að velja foreldra í ráðið með lýðræðislegum hætti. Foreldraráð fundar ekki reglulega og fulltrúum er óljóst hvert hlutverk ráðsins er. Þörf er á að foreldraráð setji sér starfsreglur, ritaðar verði fundargerðir og birtar á heimasíðu leikskólans til upplýsingar fyrir aðra foreldra. Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og styður vel við leikskólastarfið. Í stjórn félagsins sitja sex til átta foreldrar og aðstoðarleikskólastjóri situr fundi stjórnar sem tengiliður leikskólans. Samstarf leikskólans við grunnskólann er gott og á hverju hausti er gerð skrifleg áætlun um samstarfið fyrir komandi skólaár.

Skóli án aðgreiningar

Vel er staðið að sérkennslumálum í Garðaseli og er sérkennslustjóri starfandi við leikskólann. Stefna leikskólans er að vinna sem mest með þau börn sem þurfa sérstakan stuðning inni á deildum en einstaklingslega ef þörf krefur. Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn með skilgreindar sérþarfir í samvinnu við foreldra og eru þær endurmetnar reglulega. Sérkennslustjóri annast upplýsingagjöf, fræðslu og aðstoð við starfsmenn, sem sinna sérkennslu og stuðningi við börn, við að framfylgja markmiðum einstaklingsnámskráa. Mátu matsmenn allt sem við kemur sérkennslu, skipulag, fræðslu og stuðning við starfsmenn, til fyrirmyndar. Skipulag sérkennslunnar er í föstum skorðum en æskilegt væri að verkferill þegar upp kemur grunur um þroskafrávik hjá barni sé skriflegur. Einnig þyrfti að skrá verklag um móttöku barna með annað móðurmál en íslensku. Í foreldraviðtölum við erlenda foreldra er alltaf notast við túlk. Vel er haldið utan um barnahópinn og öll börn leikskólans eiga jafna hlutdeild í hópnum.

Innra mat

Reglulega fer fram mat á starfsháttum og framfarir barna eru metnar með markvissum hætti. Brugðist er við ábendingum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf. Markvisst þarf að meta hvernig gengur að vinna að helstu markmiðum skólanámskrár og matið þarf að vinna út frá langtímaáætlun til nokkurra ára þar sem helstu þættir eru metnir svo og nákvæmri matsáætlun fyrir hvert skólaár. Æskilegt er að stofna matsteymi með fulltrúum allra hagsmunahópa og leita til starfsmanna, barna og foreldra þegar gagna er aflað. Gagna þarf að afla á fjölbreyttan hátt og greina niðurstöður í styrkleika og tækifæri til umbóta og vinna áfram með umbætur út frá umbótaáætlun.

Inngangur

Í þessari matskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Garðaseli Reykjanesbæ. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Björk Ólafsdóttur og Ingu Dóru Jónsdóttur og fór fram á vettvangi 24.–26. janúar 2017. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir; leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, foreldrasamstarf og ytri tengsl, sérfræðipjónusta og sérkennsla og innra mat.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

1. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
2. að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.
3. að auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
4. að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum¹.

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun leikskóla, styðja við leikskólastjórnendur og leikskólakennara í umbótum á eigin starfi, hvetja leikskólakennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera leikskólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Við matið eru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum, sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla og eru áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gátu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prentuðu máli eða á rafrænu formi². Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra 17. janúar á rafrænu formi. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsmenn og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaaðila. Matsmenn dvöldu þrjú daga á vettvangi og gerðu vettvangsathuganir á öllum deildum leikskólans. Tekin voru rýnivíðtöl við deildarstjóra, starfsmenn, starfsfólk í stoðþjónustu, foreldra og börn. Einstaklingsviðtal var tekið við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra og haft var samband við leikskólafulltrúa Reykjanesbæjar. Þátttakendur í rýnihópum voru valdir með slembiúrtaki.

Fylgst var með uppeldi, kennslu- og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna í leikskólanum. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir vettvangsathugun á deild og gáfu einkunn fyrir vísbendingar um gæðastarf sem myndar grunn að heildarmati og gefur mynd af leikskólastarfi á þeim meginþáttum sem viðmiðin ná til³. Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Skýrslan var send leikskólastjóra og til fræðsluviðs Reykjanesbæjar til yfirlestrar.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa góðar vísbendingar um það starf sem fram fer í leikskólanum.

¹Lög um leikskóla nr. 90/2008.

²Skólanámskrá og starfsáætlun og greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, dagskipulag, símenntunaráætlun, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta- menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

³Sjá nánar í lok skýrslunnar.

Leikskólinn

Leikskólinn Garðasel í Reykjanesbæ hóf starfsemi árið 1974 og er fjögurra deilda leikskóli með sveigjanlegan vistunartíma. Þar dvelja 96 börn á aldrinum tveggja til sex ára, 50 stúlkur og 46 drengir. Ellefu börn eru með sérstakan stuðning, sautján börn eru með annað móðurmál en íslensku og átta börn eru tvítyngd, þar sem annað foreldrið er íslenskt en hitt af erlendu bergi brotið. Börnin eru af fjórtán þjóðernum. Leikskólinn er opinn frá klukkan 7:30 til 17:15 á daginn.

Leikskólinn og umhverfi hans

Starfsmenn

Við leikskólann starfa 33 starfsmenn í 31,57 stöðugildum, allt konur. Þar af var þegar matið fór fram einn starfsmaður í fæðingarorlofi. Leikskólakennarar eru 8 eða um 26% af þeim starfsmönnum sem starfa á deildum og við sérkennslu og stuðning. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri eru báðir leikskólakennarar og samtals er stjórnunarhlutfall þeirra 170% skv. kjarasamningum. Aðstoðarleikskólastjóri er í 100% stöðu og er því í 30% starfi á deildum og vinnur meðal annars með elstu börnin í hópstarfi og heldur utan um elstu barna verkefni. Sérkennslustjóri, sem er leikskólakennari, starfar í 100% starfi við stjórnun sérkennslu. Aðrir stjórnendur eru fjórir deildarstjórar og eru þeir allir leikskólakennarar. Að auki starfar einn leikskólakennari við leikskólann. Þegar matið fór fram störfuðu tveir uppeldis- og menntunarfræðingar við leikskólann og tveir starfsmenn höfðu lokið leikskólaliðanámi. Aðrir starfsmenn voru ófaglærðir. Starfsmaður sem var í fæðingarorlofi þegar matið fór fram hefur lokið námi í íþróttافرæðum. Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórna við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Leikskólastjóri segir í viðtali að þó skortur sé á leikskólakennurum sé nokkuð góður stöðugleiki í starfsmannahópnum og mikill stöðugleiki hefur verið í stjórnendahópnum í að minnsta kosti í 18 ár⁴. Þar sem samfélagið er það lítið að fólk þekkist þá er ekki alltaf aflað upplýsinga úr sakaskrá við ráðningu nýs starfsfólks. Ákvæði um trúnað og þagnarskyldu er hluti af ráðningarsamningi Reykjanesbæjar sem allir starfsmenn undirrita.

Húsnæði

Húsnæði leikskólans er á einni hæð og er flatarmálið 821 fermetri og þar af er leikrými 366 fermetrar⁵. Húsið var byggt í þremur áföngum. Elsti hluti hússins samanstendur af tveimur deildum, sal og eldhúsi⁶. Síðar var annað hús byggt á lóðinni með tveimur deildum. Húsin tvö voru að lokum tengd saman með tengibyggingu. Í vesturhluta hússins eru tvær deildir fyrir yngri börn leikskólans, Lundur fyrir tveggja ára börn og Þúfa fyrir þriggja ára börn. Í austurhluta eru tvær deildir fyrir eldri börnin, Hvammur fyrir fjögurra ára börn og Varða fyrir fimm ára börn. Þar er einnig rúmgóður íþróttasalur. Leik- og deildarrými á eldri deildunum samanstendur af tveimur rúmgóðum stofum og tveimur minni. Auk salernis og fataherbergis. Á yngri deildum samanstendur leik- og deildarrými af tveimur rúmgóðum stofum og einni minni, auk salernis og fataherbergis. Yngri deildirnar tvær deila fataherbergi og sömuleiðis eldri deildinar tvær.

Kaffistofa starfsmanna er í vesturhluta hússins. Þar eru tvö salerni, geymsla fyrir útiföt starfsmanna og skrifstofa leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Í tengibyggingu er undirbúningsaðstaða fyrir starfsfólk, tvö sérkennsluherbergi og bókasafn. Framleiðslueldhús er í leikskólanum og er maturinn eldaður á staðnum. Eitt salerni er fyrir starfsfólk í austurhluta hússins.

Húsnæði uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009. Í rýnihópum⁷ var bent á að slæm hljóðvist væri í sumum rýmum á eldri deildum leikskólans og upplifðu matsaðilar það einnig í vettvangsathugun. Árið 2015 voru framkvæmdar mælingar á hljóðvist leikskólans sem að sögn leikskóla-

⁴Viðtal við leikskólastjóra.

⁵Ársskýrsla Garðasels haust 2015- haust 2016.

⁶Heimasíða Garðasels.

⁷Rýnihópur deildarstjóra, starfsmanna og starfsmanna við stuðning.

stjóra mældist innan viðmiðunarmarka. Ástæða er til að halda áfram að leita leiða til að bæta hljóðvist og/eða endurskoða upp á hvaða leikföng og efnivið er boðið í þessum rýmum með hliðsjón af því hvort hægt sé að staðsetja þar leikföng sem styðja við rólegri leiki en ekki t.d. holukubba og efnivið til hlutverkaleikja eins og nú er.

Útileiksvæði

Útivistarsvæði leikskólans er rúmgott og að mestu vel skipulagt og búið góðum leiktækjum. Flatarmál lóðar er 4.251 fermetrar og leiksvæðið er 2.904 fermetrar⁸. Miklir möguleikar eru einnig til vettvangsferða um nánasta umhverfi skólans. Fram kom í öllum rýnihópum og viðtölum að viðhaldi lóðar og leiktækja væri ábótavant og taka matsaðilar undir það. Á útileiksvæðinu sáu matsaðilar djúpar holur víða og mislægar hellur sem geta verið slysaáhrif. Grasfletir eru víða gengnir niður í mold og leiktæki farin að láta á sjá.

Hugmyndafræði og áherslur

Garðasel er vottaður heilsuleikskóli og hefur verið það frá 2012 og tilheyrir því samtökum heilsuleikskóla⁹. Í leikskólanum er unnið að Framtíðarsýn Reykjanesbæjar um samþættingu læsis og stærðfræði og hefur skólinn sett sér áherslur og leiðir til að vinna markvisst að þessum þáttum. Veturinn 2016-2017 stendur yfir innleiðing á kennsluáðferðinni Leikur að læra þar sem börnum á aldrinum tveggja til tíu ára eru kenndar ýmsar námsgreinar, þ.m.t. læsi og stærðfræði, í gegnum leiki, hreyfingu og skynjun. Einnig er verið að innleiða uppeldisaðferðina *Uppeldi sem virkar – Færni til framtíðar* og gert er ráð fyrir að hún taki við af SOS aðferðinni sem hefur verið notuð við hegðunarmótun en er orðin barns síns tíma að mati starfsmanna og stjórnenda. Einkunnarorð Garðasels eru: *Hreyfing, virðing, næring og skapandi starf*. Gildin eru sýnileg í leikskólanum og flestir sem rætt var við gátu nefnt þau.

Í vettvangsathugunum sást að heilsustefnan er mjög sýnileg í starfinu og það kom einnig fram í öllum viðtölum og rýnihópum. Áhersla er lögð á hreyfingu, hollt mataræði og útiveru og margir nefndu heilsustefnuna, hreyfinguna og matinn sem helsta styrkleika skólans. Áhersla leikskólans á læsi og stærðfræði er einnig mjög sýnileg, bæði í starfinu og einnig í umhverfi barnanna og efnivið.

Styrkleikar

- Heilsustefna leikskólans er mjög sýnileg í starfinu þar sem lögð er áhersla á hreyfingu, hollt mataræði og útiveru.
- Markvisst er unnið að framtíðarsýn Reykjanesbæjar um samþættingu læsis og stærðfræði.
- Allir þátttakendur þekktu heilsustefnuna og margir nefndu hana og hreyfinguna sem helsta styrkleika skólans.
- Leikskólinn hefur sett sér gildi og voru þau sýnileg í vettvangsathugunum.

Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.
- Afla þarf upplýsinga úr sakaskrá við ráðningu nýrra starfsmanna.
- Áfram þarf að huga að því að bæta hljóðvist í leikrýmum á eldri deildum og/eða bjóða upp á leikföng í viðkomandi rýmum sem styðja við rólegri leiki.
- Brýnt er að yfirfara og laga ýmsa hluti á lóð leikskólans, svo sem að fylla í holur og laga hellur.

⁸ Ársskýrsla Garðasels haust 2015- haust 2016.

⁹ Skólanámskrá Garðasels 2015.

Stjórnun

Stjórnskipulag og skipurit

Leikskólinn Garðasel er rekinn af Reykjanesbæ og er einn af tíu leikskólum bæjarins¹⁰. Leikskólarnir heyra undir fræðslusvið sem hefur umsjón með rekstri, áætlunargerð og sérfræðiþjónustu. Á vegum sveitarfélagsins starfar fræðsluráð sem er skipað fimm fulltrúum sem eru pólitískt kjörnir af bæjarstjórn og starfar fræðslustjóri, sem er sviðsstjóri fræðslusviðs, með nefndinni. Fulltrúar leikskólastjóra, starfsmanna og foreldra í Reykjanesbæ eiga setu á fundum fræðsluráðs með málfrelsi og tillögurétt. Hlutverk ráðsins er að fara með málefni leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla¹¹. Á fræðslusviði starfa m.a. leikskólafulltrúi, sérkennsluráðgjafi, sálfræðingur og talmeinafræðingur. Sviðið veitir leikskólum sérfræðiþjónustu þar sem áhersla er lögð á að kennslufræðileg, sálfræðileg, þroskafræðileg og félagsfræðileg þekking nýtist sem best í skólastarfi¹². Eftirlit með leikskólum og upplýsingagjöf til fræðsluráðs er í höndum leikskólafulltrúa. Fræðsluráð fer yfir starfsáætlanir og ársskýrslur frá leikskólum.

Leikskólafulltrúi sagði í viðtali að samskipti Garðasels og fræðslusviðs hafi alltaf verið til fyrirmyndar og mjög sjaldan komi fyrir að foreldrar leiti til sviðsins með umkvartanir vegna leikskólans¹³. Nefndi hann einnig að leikskólinn væri eftirsóttur af foreldrum. Að sögn leikskólastjóra hefur leikskólinn góðan aðgang að sérfræðiþjónustu á vegum bæjarins. Sérkennsluráðgjafi og leikskólafulltrúi koma í leikskólann einu sinni í mánuði og talmeinafræðingur kemur einnig reglulega¹⁴. Leikskólinn hefur aðgang að félagsþjónustu bæjarins ef á þarf að halda. Á haustin og vorin kemur sérfræðingateymi fræðslusviðs, sérkennslufulltrúi, sálfræðingur og talmeinafræðingur, til að taka stöðuna á sérkennslumálum leikskólans.

Árið 2011 setti Reykjanesbær sér framtíðarsýn þar sem fram kemur að stefna skuli að því að leikskólar í Reykjanesbæ verði í fremstu röð hvað varðar læsi og stærðfræði, leggja skuli áherslu á gott og öflugt foreldrasamstarf, börnin verði sjálfsöugg, metnaðarfull og hamingjusöm. Í skólunum skuli leggja áherslu á lýðræði, samskipti og jafnrétti¹⁵. Ný menntastefna Reykjanesbæjar var gefin úr árið 2016. Þar er sérstök áhersla lögð á faglega þjónustu, öflugt forvarnarstarf, fjölbreytt nám, virkt samstarf milli heimila og skóla, íþróttir og tómstundir og hvetjandi náms- og starfsumhverfi. Reykjanesbær hefur auk þess gefið út forvarnarstefnu, áætlun gegn einelti, kynbundinni og kynferðislegri áreitni, jafnréttisáætlun, starfsmannastefnu og fjölskyldustefnu.

Námskrá og áætlanir

Leikskólastjóri hefur forystu um gerð skólanámskrár¹⁶. Skólanámskrá Garðasels var endurskoðuð og gefin út árið 2015, öðru sinni eftir að aðalnámskrá leikskóla kom út árið 2011. Að gerð og endurskoðun komu allir stjórnendur og starfsmenn leikskólans. Skólanámskráin uppfyllir að flestu leyti þær kröfur sem settar eru fram í aðalnámskrá frá árinu 2011 og lögum um leikskóla nr. 90/2008. Hvað varðar samstarf og tengsl á milli skólastiga er fjallað um fyrirkomulag samstarfsins en ekki er tilgreint hvaða upplýsingar fylgja barni þegar það flyst í grunnskóla eða á milli leikskóla. Einnig mætti gera betur grein fyrir leiðum sem farnar eru við innra mat á leikskólastarfinu. Skólanámskrá er birt á heimasíðu leikskólans en huga þarf að því að gera hana sýnilegri með því að staðsetja hana ekki einungis undir „flýtleiðir“ neðst á síðunni. Sama á við um starfsáætlun leikskólans og fleiri gögn.

Starfsáætlun er gefin út árlega og finna má starfsáætlun fyrir skólaárið 2016–2017 á heimasíðu. Í starfsáætlun er fjallað um innra mat síðasta skólaárs og sagt frá starfi komandi starfsárs, s.s. námi, sérstökum áherslum og þróunarstarfi í leikskólanum, samstarfi við foreldra og stoðþjónustu og upplýsingagjöf til foreldra. Leikskólastjóri annast gerð starfsáætlunarinnar og kynnir hana fyrir öðrum stjórnendum á deildarstjórafundi¹⁷. Starfsáætlun uppfyllir kröfur aðalnámskrár leikskóla. Foreldraráð

¹⁰ Heimasíða Reykjanesbæjar.

¹¹ Heimasíða Reykjanesbæjar.

¹² Menntastefna Reykjanesbæjar.

¹³ Viðtal við leikskólafulltrúa Reykjanesbæjar.

¹⁴ Viðtal við leikskólastjóra.

¹⁵ Heimasíða Reykjanesbæjar.

¹⁶ Skólanámskrá Garðasels 2015.

¹⁷ Viðtal við leikskólastjóra.

fær skólanámskrá og starfsáætlun til umsagnar en börnin koma ekki að vinnu við skólanámskrá eða starfsáætlun. Auk starfsáætlunar er árlega gefin út ársskýrsla þar sem gerð er grein fyrir starfi síðasta starfsárs. Ársskýrsla fyrir skólaárið 2015–2016 er aðgengileg á heimasíðu leikskólans.

Starfsmannahandbók er til en hún er komin til ára sinna og unnið er að endurskoðun hennar. Inni á öllum deildum er mikið af leiðbeinandi efni fyrir starfsfólk, svo sem um fyrirkomulag á verkaskiptingu starfsmanna, vinnuáætlanir fyrir hópastarf, leiðbeiningar um samskipti og framkomu við börn og starfsfólk og leiðir til að styðja við börn með annað móðurmál en íslensku. Gerð hefur verið handbók með hagnýtum upplýsingum fyrir foreldra og fá þeir hana afhenta við upphaf leikskólagöngu barnsins. Áfallaáætlun er til en er frá 2007 og þarfnast því endurskoðunar. Forvarnarstefna leikskólans var gefin út í mars 2016 og byggir á forvarnarstefnu Reykjanesbæjar. Jafnréttisáætlun Garðaborgar var unnin 2015. Fyrir liggur skráð verklag um ferli ef upp kemur grunur um kynferðislega misbeitingu/ofbeldi. Unnið er eftir eineltisáætlun Reykjanesbæjar. Starfsmenn fara reglulega á námskeið um skyndihjálþ¹⁸ og eru verkferlar vegna slysa í starfsmannahandbók, sem verið er að endurskoða. Öll slys eru skráð á slysaskráningarblið og varðveitt. Gerð hefur verið rýmingaráætlun vegna bruna og fara brunaæfingar fram annað hvert ár að sögn starfsmanna.

Stjórnun og starfsmenn

Stjórnendateymi leikskólans mynda leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjóri¹⁹. Verkaskipting leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra er skýr að mati bæði stjórnenda og starfsfólks. Starfslýsing aðstoðarleikskólastjóra var skráð þegar skipti urðu á aðstoðarleikskólastjóra árið 2014. Aðstoðarleikskólastjóri segir að ýmislegt hafi bæst við hans störf síðan og þá aðallega vegna þess að hann hafi leitað eftir því. Skólastjórnendur segjast ávallt reyna að vera báðir inn í öllum málum en í meginatriðum skipta þeir með sér verkum þannig að leikskólastjóri sér um rekstur, starfsmannahald og samskipti við sveitarfélagið. Aðstoðarleikskólastjórinn annast daglegt utanumhald um forföll og mönnun deilda, upplýsingar til foreldra og viðburði sem snúa að elstu börnum leikskólans. Sérkennslustjóri sér um öll málefni sem snúa að sérkennslu, deildarstjórar stýra starfi á deildum og hópstjórar skipuleggja vinnu sinna hópa.

Stjórnendateymi fundar vikulega og eru fundargerðir skráðar og settar inn á allar deildir til upplýsingar fyrir starfsmenn. Áætlun um skipulagsdaga og starfsmannafundi er sett upp fyrir starfsárið og eru skipulagsdagar fimm á ári²⁰. Einum skipulagsdeginum er skipt í fjóra tveggja klukkustunda starfsmannafundi sem eru teknir á svokölluðum skertum dögum, en þá fer fundurinn yfirleitt fram frá klukkan 8 til 10 að morgni og leikskólinn opnar fyrir börnin klukkan 10. Tveir starfsmannafundir eru á haustönn og tveir á vorönn. Hluti starfsmannafunda er gjarnan notaður fyrir deildarfundir og eru það einu deildarfundirnir sem haldnir eru. Fram kom í öllum rýnihópum starfsmanna að þeim finnst vanta fleiri deildarfundir og meiri tíma til að ræða saman um börnin²¹. Að sögn leikskólastjóra og starfsfólks er gerð dagskrá fyrir skipulagsdaga og starfsmannafundi og fundargerðir skráðar. Leikskólakennarar og aðrir starfsmenn á deildum fá vikulegan undirbúningstíma og mikil áhersla er lögð á að þeir falli ekki niður.

Í öllum rýnihópum og viðtölum kom fram að upplýsingaflæði innan leikskólans er gott og starfsmenn telja sig hafa þær upplýsingar sem þeir þurfa til að sinna starfi sínu. Upplýsingum er miðlað í fundargerðum, með tölvupóstum og á upplýsingatöflu á kaffistofu²². Móttaka nýrra starfsmanna fylgir ákveðnu ferli sem er skráð í starfsmannahandbók og verið er að endurskoða ásamt öðru í handbókinni.

¹⁸ Rýnihópur starfsmanna.

¹⁹ Viðtal við leikskólastjóra.

²⁰ Viðtal við leikskólastjóra.

²¹ Rýnihópar starfsmanna, deildarstjóra og stuðningsaðila.

²² Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

Fagleg forysta

Leikskólastjóri segist í viðtali telja sig vera samkvæmur sjálfum sér og réttisýnn. Hann segist aðhyllast dreifða forystu og leggja áherslu á að vera ávallt með aðra stjórnendur með í ráðum. Aðstoðarleikskólastjóri segist sem stjórnandi leggja áherslu á að vera heiðarlegur, sanngjarn og gera ekki upp á milli fólks. Þeir leggja áherslu á að vinna saman sem teymi og eru sammála um að samstarf þeirra sé gott²³. Leikskólastjórnendur og deildarstjórar leiða faglegt starf í leikskólanum og telja stjórnunarhætti lýðræðislega²⁴. Í rýnihópum starfsmanna kom fram að þeim finnst þeir hafi sitt að segja um starfið, þeir sögðust óhikað taka frumkvæði og koma með ábendingar og sögðu að vel væri tekið í hugmyndir þeirra²⁵. Í viðtali var sjálfstæði starfsfólks nefnt sem einn af styrkleikum leikskólans.

Leikskólastjórnendur leggja rækt við samskipti við börn, starfsfólk og foreldra í daglegu starfi og í öllum viðtölum og rýnihópum kom fram ánægja með þá. Nefnt var að gott væri að leita til þeirra og þeir væru aðgengilegir og sýnilegir í starfi. Nefndu foreldrar að auki að þeir gæfu ávallt góð og greið svör þegar leitað væri til þeirra. Börn í rýnihópum þekktu leikskólastjóra með nafni en sögðust ekki vita hvað hann gerði á skrifstofunni.

Starfsmannaviðtöl eru einu sinni á ári og fyrirkomulag þeirra hefur verið þannig frá árinu 2016 að leikskólastjóri tekur viðtal við stjórnendur leikskólans og deildarstjórar taka viðtöl við starfsmenn sinna deilda²⁶. Starfsmenn hafa engu að síður val um að fara í viðtal til leikskólastjóra kjósi þeir það heldur. Í starfsmannaviðtölum er starfsfólk m.a. hvatt til að koma fram með óskir um símenntun og segist leikskólastjóri hvetja fólk til símenntunar. Símenntun starfsmanna fer aðallega fram í gegnum námskeið sem tengjast stefnu og starfi leikskólans. Ekki er unnin áætlun um símenntun fram í tímann en haldin er nákvæm skráning um þá símenntun sem starfsfólk sækir sér og kemur það fram í ársskýrslu leikskólans. Fram kom í rýnihópum að starfsfólk fær hrós fyrir vel unnin störf og að stjórnendur hvetja fólk og styðja við að efla sig í starfi²⁷.

Stjórnendur fara ekki markvisst inn á deildir til að fylgjast með starfinu og gefa starfsmönnum endurgjöf og segja það fyrst og fremst vera vegna tímaskorts²⁸. Deildarstjórar segjast fylgjast með uppeldi og námi á sinni deild og veita starfsmönnum endurgjöf og starfsmenn í rýnihópi staðfestu það²⁹. Starfsmenn segjast þó gjarnan myndu vilja að leikskólastjórnendur kæmu meira inn á deildir til að gefa þeim endurgjöf. Í rýnihópi starfsmanna kom fram að ef þá vantar stuðning leita þeir til síns deildarstjóra og einnig geta þeir leitað til annarra deildarstjóra í leikskólanum.

Hvatt er til þátttöku í þróunarverkefnum í leikskólanum³⁰. Skólaárið 2015–2016 unnu deildarstjórar í sameiningu að þróunarverkefni sem fólst í því að gera heildstæðar vikuáætlanir í hópastarfi fyrir hvern árgang. Áætlanirnar taka mið af framtíðarsýn Reykjanesbæjar, stefnu leikskólans og grunnþáttum menntunar³¹. Unnar voru áætlanir fyrir alla fjóra árgangana fyrir 27 vikur ársins. Skólaárið 2016–2017 er annað árið sem unnið er samkvæmt þessum áætlunum og er það mat stjórnenda og starfsfólks að þetta geri það að verkum að enginn mikilvægur þáttur, sem leikskólinn hefur einsett sér að vinna að, gleymist³². Ófaglærðu starfsfólki finnst stuðningur af áætlunum og nefnt var að það væri ekki erfitt að leysa af á deildum þar sem skýrt væri hvað ætti að vinna með hverjum hóp. Matsaðilar telja þessar vikuáætlanir og starfið á grundvelli þeirra til fyrirmyndar, sérstaklega þar sem hlutfall ófaglærðs starfsfólks á leikskólanum er hátt og starfsfólk því mis vel í stakk búíð til að skipuleggja faglegt starf með börnunum.

²³ Heimasíða Reykjanesbæjar.

²⁴ Heimasíða Reykjanesbæjar.

²⁵ Menntastefna Reykjanesbæjar.

²⁶ Viðtal við leikskólafulltrúa Reykjanesbæjar.

²⁷ Viðtal við leikskólastjóra.

²⁸ Heimasíða Reykjanesbæjar.

²⁹ Skólanámskrá Garðasels 2015.

³⁰ Viðtal við leikskólastjóra.

³¹ Viðtal við leikskólastjóra.

³² Viðtal við leikskólastjóra.

Starfsandi og starfsánægja

Starfsmenn í viðtölum og rýnihópum telja starfsanda mjög góðan og samskipti á milli starfsmanna góð³³. Nefnt var að léttur andi væri í húsinu, gaman á kaffistofunni og mikið hlegið. Þá kom fram að traust ríkir á milli starfsmanna og gagnkvæm virðing auk þess sem ólík sjónarmið eru virt. Allir sem rætt var við sögðu að sér liði vel í starfi og fyndist gaman að fara í vinnuna. Metnaður einkennir starfsmannahópin sem birtist m.a. í góðu og markvissu starfi, starfsmenn eru fljótir að tileinka sér nýjungar og leita lausna ef upp kemur vandi. Starfsmenn í rýnihópi nefndu að þeir hefðu lært mikið og vaxið í starfi³⁴.

Að sögn leikskólastjóra gerir starfsmannahópurinn ýmislegt saman til að viðhalda góðum starfsanda³⁵. Til dæmis er haldin jólagleði, starfsmenn fara saman í óvissuferð að vori og í bíó og hittast þess utan stundum heima hjá hver öðrum eða í leikskólanum. Góð þátttaka er í starfsmannaupþakomum.

Viðmælendur í viðtölum og rýnihópum töldu skólabrag góðan³⁶. Fram kom að fólk er stolt af starfinu sínu og telur hæfni sína og þekkingu nýtast vel í starfi. Það telur líka að störf sín séu almennt metin að verðleikum innan leikskólans, af foreldrum og af grunnskólunum - en upplifa þó stundum að stjórnvöld í sveitarfélaginu líti á leikskólann sem gæslustað en ekki menntastofnun.

Góð samvinna starfsmanna í leikskólanum, einkum deildarstjóra, var í viðtali nefnt sem einn af helstu styrkleikum leikskólans³⁷. Deildarstjórnir vinna mikið saman og sækja stuðning hver til annars³⁸. Þrátt fyrir það nefndu bæði deildarstjórar og starfsfólk að ekki væri mikið um samstarf á milli deilda þegar kemur að starfi með börnunum og sögðu leikskólann stundum vera eins og fjóra skóla³⁹. Inni á hverri deild er samstarfið gott og er starfsfólk duglegt að deila þekkingu sín á milli og hjálpast að⁴⁰.

Styrkleikar

- Gott samstarf er við fræðsluvið Reykjanesbæjar og aðgengi að sérfræðipjónustu er gott.
- Almenn ánægja er með stjórnun í leikskólanum, leikskólastjórnendur leggja rækt við samskipti við börn, starfsmenn og foreldra.
- Leikskólastjórnendur eru sýnilegir í starfi og gott aðgengi er að þeim.
- Verkaskipting milli stjórnenda er skýr og samvinna góð.
- Leikskólastjórnendur leiða faglegt starf í samvinnu við stjórnendateymi.
- Stjórnendateymi fundar vikulega og mikil og góð samvinna er á milli deildarstjóra.
- Upplýsingaflæði innan leikskólans er gott.
- Stjórnendur skapa svigrúm og hvetja til símenntunar.
- Ítarleg skráning er gerð á símenntun starfsfólks.
- Ófaglært starfsfólk fær undirbúningstíma vikulega.
- Heildstæðar vikuéatlanir út frá framtíðarsýn Reykjanesbæjar og stefnu leikskólans eru til fyrirmyndar.
- Starfsandi og skólabragur er góður, traust og gagnkvæm virðing er á milli starfsfólks og því líður vel í vinnunni.
- Metnaður ríkir í leikskólanum og starfsfólk er stolt af starfi sínu.

³³ Viðtöl og rýnihópar starfsmanna og stjórnenda.

³⁴ Rýnihópur starfsmanna.

³⁵ Viðtal við leikskólastjóra.

³⁶ Viðtöl og rýnihópar starfsmanna og stjórnenda.

³⁷ Viðtal við leikskólastjóra.

³⁸ Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra og rýnihópur deildarstjóra.

³⁹ Rýnihópar deildarstjóra og starfsmanna.

⁴⁰ Rýnihópar deildarstjóra, starfsmanna og stuðningsaðila.

Tækifæri til umbóta

- Gera má skólanámskrá og starfsáætlun sýnilegri á heimasíðu.
- Við endurskoðun skólanámskrár þarf að gera betur grein fyrir leiðum við innra mat og upplýsingum sem fylgja börnum þegar þau flytjast í grunnskóla eða á milli leikskóla.
- Við gerð skólanámskrár og starfsáætlunar ætti að huga að aðkomu foreldra og barna.
- Vinna þarf símenntunaráætlun fyrir leikskólann.
- Ljúka þarf endurskoðun starfsmannahandbókar.
- Gera þarf öryggis- og rýmingaráætlun sýnilega á öllum deildum leikskólans og gera rýmingaráæfingar reglulega.
- Gera þarf viðbragðsáætlun vegna slysa sýnilega á öllum deildum leikskólans.
- Leita ætti leiða til að fjölga deildarfundum.
- Stjórnendur ættu markvisst að fylgjast með námi og starfi á leikskólanum í þeim tilgangi að gefa starfsfólki endurgjöf.

Uppeldis- og menntastarf

Námsaðstæður

Skipulag húsnæðis gerir ráð fyrir fjölbreyttum leikaðstæðum. Á deildunum er gert ráð fyrir að börnin geti verið í litlum hópum í lokuðu rými til að minnka áreiti og hávaða. Í þessum rýmum er meðal annars boðið upp á að skoða bækur og á eldri deildunum eru holukubbar og hlutverkaleikur hafðir í svona rými. Salur er vel búinn tækjum og öðrum búnaði til hreyfileikja og á deildum er gott pláss til gólfleikja og hreyfingar. Góð aðstaða er fyrir sérkennslu en tvö herbergi eru til afnota fyrir einstaklingsþjálfun auk svæðis sem búið er sófa og púðum⁴¹. Ýmislegt hefur verið gert til að minnka hávaða svo sem teppamottur á gólfum og núna síðast var leirtaui skipt út og keyptir diskar og glös úr plasti í stað borðbúnaðar úr gleri. Á eldri deildunum er borðað í tveimur hollum til að auka ró í matartíma og fækka borðum á deild. Á meðan annar hópurinn borðar er hinn í sögustund.

Aðstaða til listsköpunar er á hverri deild og er það misjafnt hvernig hún er skipulögð. Á tveim yngri deildunum er færanlegur vagn með efnivið til listsköpunar. Á næst elstu deildinni er eitt herbergi nýtt til listsköpunar og er þar ýmis efniviður aðgengilegur börnunum. Á elstu deildinni er efniviðurinn geymdur inni í skáp og því ekki sýnilegur börnunum. Ritmál er mjög sýnilegt á öllum deildum og stafir af ýmsum gerðum aðgengilegir börnunum. Einnig voru tölustafir, form og efniviður til stærðfræðiþjálfunar sýnilegt.

Boðið er upp á fjölbreyttan efnivið til náms og leikja sem vekur áhuga barnanna. Aðgengi barnanna að efniviðnum er gott. Einingakubbar og holukubbar eru á öllum deildum og bækur fyrir börnin. Fram kom í viðtali að ekki væri nein stefna hvað varðar leikfangakost í leikskólanum og verið væri að nýta ýmislegt gamalt. Áhugi er fyrir að endurmeta leikfangakostinn og marka stefnu í því hvað á að vera í boði⁴².

Samkvæmt dagskipulagi skiptist dagurinn á milli frjáls leiks, hópastarfs, vals og útivistar.

Starfshættir

Í skólanámskrá er talað um að efla alhliða þroska barnsins í samræmi við eðli, þarfir og þroska hvers og eins í gegnum leikinn, ásamt því að auka gleði og vellíðan barnanna. Lögð er áhersla á næringu, hreyfingu, skapandi starf, læsi í víðum skilningi og stærðfræði⁴³. Deildarstjórar skipuleggja uppeldis- og menntastarfið og leiðbeina ófaglærðu starfsfólki. Allir starfsmenn bera ábyrgð á hópastarfi með

⁴¹ Rýnihópur deildarstjóra, leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og starfsmanna.

⁴² Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

⁴³ Skólanámskrá Garðasels 2015.

ákveðnum hópi barna sem þeir fylgja yfir veturinn. Hópastarf er fjóra daga vikunnar og þá er unnið eftir vikuáætlunum sem hafa verið í þróun síðustu tvö ár. Áætlanirnar skiptast í þrjú megin svið: (1) sögulestur og orðaspjall, (2) hljóðmyndun, stafabekkingu og hljóðkerfisvitund og (3) stærðfræði þar sem áhersla er á form, stærðfræðihugtök, stærð og fjölda. Einnig er vikuleg vettvangsferð fastur liður hjá hverjum hóp. Áætlanirnar fela í sér leiðbeiningu um hvernig hægt er að vinna að viðfangsefninu, svo sem hvaða vísur er hægt að syngja, bækur til að lesa, hvað á að leggja áherslu á í samræðum og hugmyndir að verkefnum og efnivið. Einn starfsmaður er í sal og skipuleggur hann alfarið hreyfistundir með börnunum en hver hópur fer einu sinni í viku í salinn.

Á vettvangi sáu matsmenn að starfsfólk á jákvæð og uppbyggileg samskipti við börnin, þau eru hvött til sjálfshjálpar og mikið er rætt við þau. Jafnvægi er á milli borðleikja og leikja á gólfi. Starfsmenn í rýnihópi sögðu að einkennandi fyrir uppeldisstarfið væri virðing fyrir börnunum, hlustað væri á þau og komið fram við þau sem jafningja⁴⁴.

Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barnanna

Í leikskólanum er ekki unnið markvisst með lýðræðislega þátttöku barnanna. Helst má sjá lýðræðislega þátttöku barnanna í vali en þar hafa börnin val um ákveðin viðfangsefni þó að þau hafi ekki val um hvaða viðfangsefni eru í boði. Í rýnihópi sögðust börnin fá að ráða með hvaða dót þau leiki og við hverja þau leika en þau sögðust ekki mega skipta um viðfangsefni þegar þau vildu: „Við fáum að ráða hvað við veljum. Það má bara skipta þegar heyrst píp en þegar er skiptitími þá á að skipta ef maður er í sal, ípad og holukubbum. Það getur bara verið einn í ípad⁴⁵.“ Starfsmenn nefndu að þeir leyfi börnunum stundum að hafa áhrif á hvaða viðfangsefni eru í boði í vali og að hlustað væri á óskir barnanna⁴⁶. Þegar farið er í vettvangsferðir eru börnin stundum spurð hvert þau vilji fara og þá sé jafnvel kosið á milli hugmynda og það sem flestir velja verður fyrir valinu⁴⁷. Í því samhengi var nefnt að unnið væri með lýðræðisleg hugtök svo sem meirihluti og minnihluti⁴⁸. Sögðust deildarstjórar vera að þróa sig hægt og rólega í lýðræðisátt⁴⁹. Börnin segjast ekki fá að ráða hvað þau fái að borða í leikskólanum en deildarstjórnir sögðu að elstu börnin hafi val um hvað þau fái að borða í útskriftarferð.

Mikið er af óskráðum reglum í leikskólanum að sögn deildarstjóra en lítið um skráðar reglur, nema „Bínureglurnar“ sem gilda í samverustundum. Fram kom hjá deildarstjórum að börnin eru ekki þátttakendur í að búa til reglur, þó hefur komið fyrir að elstu börnin búi til reglur fyrir sína deild. Deildarstjórnir telja að óskráðu reglurnar séu nokkuð samræmdar á milli deilda.

Námssvið

Í skólanámskrá Garðasels er fjallað um hvernig unnið er að grunnþáttum menntunar og námssviðum leikskólans⁵⁰. Þar koma fram markmið og leiðir í vinnu með námssviðin: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning.

Mikil áhersla er lögð á læsi í víðum skilningi og málrækt og er ritmál sýnilegt á öllum deildum. Í skólanámskrá segir að lögð sé áhersla á málskilning, orðaforða og hljóðkerfisvitund. Í starfsáætlun kemur fram að allar deildir vinna með *Lubba og málbeinið* og hefur starfsfólk aðlagð það efni fyrir yngstu börnin. Aðferðir *Orðaspjalls* eru notaðar til að auka orðaskilning og orðaforða barnanna. *Tákn með tali* er á öllum deildum og tekið er fyrir tákn vikunnar⁵¹.

Sérstök áhersla er lögð á hreyfingu og sér einn starfsmaður alfarið um að skipuleggja hreyfistundir og vinna með börnunum í sal. Öll börn fara einu sinni í viku í sérstaka hreyfistund í salnum, þar sem meðal annars er unnið með verkefnið *Leikur að læra*. Daglega er farið út ef veður leyfir og öll börnin fara einu sinni í viku í vettvangsferð í nágrenni skólans. Sérstök áhersla er lögð á hollt mataræði og að allur matur sé unninn frá grunni í leikskólanum. Vellíðan barna er studd með félagslegum tengslum, jákvæðum samskiptum og umhyggju⁵².

⁵⁰ Skólanámskrá Garðasels 2015.

⁵¹ Starfsáætlun 2016–2017.

⁵² Skólanámskrá Garðasels 2015.

Helst er unnið með sjálfbærni og vísindi í gegnum verkefni sem tekin eru fyrir sérstaklega. Umhverfismennt er unnin í tengslum við vettvangsferðir. Eininga- og holukubbar eru á öllum deildum og í hópastarfi er unnið með tölur, form og stærðfræði, m.a. með Numicon kubbum. Á öllum deildum voru tölustafir aðgengilegir og sýnilegir á veggjum.

Á eldri deildum er listasmiðja eitt af vals væðunum og fór það eftir deildum hversu sýnilegur efni- viðurinn var. Yngri deildar voru með vagna inni á deildum með litum, blöðum og öðrum efnivið til listsköpunar. Myndverk eða annað skapandi starf barnanna var almennt lítið sýnilegt. Í viðtali við leikskólustjóra kom fram að unnið er með sköpun í gengum leiklist en lítið sé um tónlist⁵³.

Velferð og líðan barna

Andrúmsloft í leikskólanum er afslappað og gott og einkennist af gagnkvæmri virðingu, skilningi og trausti á milli aðila. Markmið Garðasels er að „efla alhliða þroska barnsins í samræmi við eðli, þarfir og þroska hvers og eins í gegnum leikinn, ásamt því að auka gleði og vellíðan barnanna“⁵⁴. Í vettvangsat-hugunum sáu starfsmenn sjálfstæð, glöð og starfssöm börn og uppbyggileg samskipti starfsmanna við þau. Í rýnihópi barna kom fram að þeim finnst gaman í leikskólanum og líður vel. Þau sögðu enn-fremur: „Þegar einhverjum líður illa eða er strítt þá hjálpum við þeim“⁵⁵. Í rýnihópi foreldra kom fram að samskipti eru mjög góð bæði við foreldra og börn. Mikil hlýja er gagnvart börnunum, tekið er vel á móti þeim á morgnana og þau tala vel um leikskólann heima⁵⁶. Starfsmenn töldu einnig að börnunum líði vel og nefndu í því samhengi að þau komi glöð á morgnana og vilji ekki fara heim í lok dags⁵⁷.

Mat á námi og velferð barna

Fjölbreyttar leiðir eru notaðar til að meta nám og velferð barnanna. Heilsubók barnanna er notuð og skráð er í hana tvisvar sinnum á ári í tengslum við foreldraviðtöl. Í tengslum við heilsubókina er metið heilsufar barnanna, hæð og þyngd, næring og sjálfshjálp, lífsleikni, hreyfing, listsköpun, málskilningur og tjáning. Á haustin er gert *Hljóm-2* próf á öllum elstu börnunum en það er greiningartæki sem kannar hljóðkerfisvitund barnanna. *Efi-2* próf er lagt fyrir öll þriggja ára börn en það kannar málskilning og máltjáningu. *Mod* er hreyfiproskapróf fyrir 4–6 ára börn sem metur samhæfingu, fín- og grófheyfingar og er það kannað árlega. Leikskólakennarar með réttindi í viðkomandi prófum taka *Hljóm-2* og *Efi-2* prófin en starfsmaður sem annast hreyfistundir barna í sal leggur *Mod* prófið fyrir ásamt aðstoðar-leikskólustjóra. Ef grunur vaknar um hegðunarvandkvæði hjá barni er notast við atferliskannanir frá sálfræðingum á Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar og/eða ofvirkniskvarða fyrir 4 ára börn og eldri. Ís-lenski þroskalistinn og íslenski smábarnalistinn er notaður þegar við á⁵⁸. Foreldrar taka ekki þátt í að meta nám og framfarir barnanna en þeir fá upplýsingar um stöðu barnsins í foreldrasamtölum á haustin og á vorin. Börnin taka ekki þátt í að meta nám sitt en þau eru stundum spurð hvort þeim finnst viðfangsefnið sem þau eru að fást við skemmtileg⁵⁹.

Styrkleikar

- Húsnæðið er rúmgott og býður upp á að skipta barnahópnum í minni hópa.
- Tækifæri til vettvangsferða og útivistar er gott og vettvangsferðir eru farnar vikulega á öllum deildum.
- Umhyggja og uppbyggjandi samskipti einkenna samskipti starfsfólks við börnin og þau eru hvött til sjálfshjálpar.
- Deildarstjórar skipuleggja og leiða faglegt starf á deildum en allir starfsmenn bera ábyrgð á sínum hópi barna.
- Unnið er með grunnþætti menntunar og námssvið aðalnámsskrár.

⁵³Rýniviðtal leikskólustjóra.

⁵⁴Skólanámsskrá Garðasels 2015.

⁵⁵Rýnihópur barna.

⁵⁶Rýnihópur foreldra.

⁵⁷Rýnihópur starfsmanna.

⁵⁸Viðtal við leikskólustjóra, rýnihópur deildarstjóra, skólanámsskrá.

⁵⁹Rýnihópur deildarstjóra.

- Ritmál er sýnilegt í umhverfinu og unnið er með læsi á markvissan hátt með áherslu á málrækt og starfainnlögn.
- Mikil áhersla er lögð á hreyfingu, einn starfsmaður skipuleggur hreyfistundir og vinnur með öllum börnum leikskólans í sal.
- Lögð er áhersla á hollt mataræði og að vinna matinn frá grunni í leikskólanum.
- Unnið er markvisst með töluskilning og stærðfræði.
- Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar til að meta þroska og framfarir barnanna.
- Börnin eru glöð og líður vel í leikskólanum.

Tækifæri til umbóta

- Vinna ætti að því að auka lýðræðislega þátttöku barna í ákvörðunum sem varða skipulag og viðfangsefni.
- Æskilegt væri að endurskoða og skrá gildandi reglur í leikskólanum með aðkomu barnanna.
- Gera mætti skapandi starfi hærra undir höfði með því að hafa verk barnanna sýnilegri.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun

Í skólanámskrá Garðasels kemur fram að markmiðin með foreldrasamvinnu séu: Að rækta samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna, veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans og að stuðla að þátttöku foreldra í starfi hans⁶⁰.

Foreldraráð er starfandi við leikskólann og eru núna tveir fulltrúar foreldra í því⁶¹. Ráðið á að vera skipað a.m.k. þremur fulltrúum en eitt foreldri hætti í haust og ekki hefur verið skipað í þess stað. Leikskólastjóri auglýsti eftir foreldrum í foreldraráð en enginn bauð sig fram og því var brugðið á það ráð að biðja fólk að gegna þessu hlutverki. Af þeim sökum var ekki kosið sérstaklega í ráðið eins og lög um leikskóla nr. 90/2008 gera ráð fyrir. Foreldraráð heldur ekki reglulega fundi né hefur það sett sér sérstakar starfsreglur sem það vinnur eftir. Að sögn leikskólastjóra er miðað við að haldinn sé einn fundur í foreldraráði að hausti og einn að vori. Fundargerðir hafa verið ritaðar í bók en þær hafa ekki verið birtar opinberlega⁶². Í rýnihóp foreldra kom fram að foreldrar vissu ekki hver væri í foreldraráði né hvert væri hlutverk ráðsins. Einnig kom fram að foreldraráð hélt engan formlegan fund á síðasta ári en fékk þó starfsáætlun leikskólans til umsagnar sl. haust⁶³.

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og eru haldnir fundir eftir þörfum. Í stjórn félagsins sitja sex til átta foreldrar og aðstoðarleikskólastjóri situr fundina sem tengiliður leikskólans. Fram kom í rýni-viðtali að illa gengur að fá foreldra í stjórn félagsins og lítil þátttaka er á aðalfundum og fyrirlestrum sem félagið stendur fyrir⁶⁴. Foreldrafélagið kemur að ýmsum viðburðum í samstarfi við leikskólann og er þátttaka foreldra almennt góð á þeim. Að mati leikskólastjóra er foreldrafélagið góður stuðningur við leikskólann⁶⁵.

Í upphafi leikskólagöngu barnanna eru foreldrar boðaðir á fund með leikskólastjóra þar sem þeim er kynntur leikskólinn og helstu áherslur hans. Á þessum fundi fá foreldrar kynningarbækling með hagnýtum upplýsingum og kynningu á stefnu skólans, markmiðum og leiðum. Þátttökuaðlögun er í leikskólanum og fylgja þá foreldrar börnunum sínu þrjá fyrstu dagana. Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári þar sem meðal annars er farið yfir Heilsubók barnsins. Allir hópstjórar taka viðtöl við foreldra barna í sínum hóp og við sérstakar aðstæður tekur deildarstjóri líka þátt í viðtalinu.

⁶⁰ Skólanámskrá Garðasels.

⁶¹ Viðtal við leikskólastjóra.

⁶² Viðtal við leikskólastjóra.

⁶³ Rýnihópur foreldra.

⁶⁴ Rýniviðtal foreldra.

⁶⁵ Viðtal við leikskólastjóra.

Í skólanámsskrá segir að upplýsingaflæði þurfi að eiga sér stað til að dvöl barnsins verði sem ánægjulegust⁶⁶. Í Garðasæli er lögð sérstök áhersla á góða upplýsingagjöf til foreldra um líðan og stöðu barnanna og daglegt starf. Facebook síða er til fyrir hverja deild þar sem starfsfólk er duglegt að setja inn daglegar upplýsingar og myndir. Vikulega fer heim tölvupóstur með vikuáætlunum deilda og ýmsum upplýsingum um t.d. hvaða stafi börnin eru að læra, vísur o.fl. Einnig er upplýsingatafla í fataklefum. Í rýnihópi foreldra kom fram að þeir eru mjög ánægðir með hvað þeir fá mikið að upplýsingum og finnst ekki vanta á upplýsingaflæði⁶⁷. Sérstaklega voru þeir ánægðir með facebook síður deildanna og að eiga þess kost að fylgjast vel með daglegu starfi í gegnum þær. Þá nefndu þeir að auki að þeim finnst þeir fá góðar upplýsingar ef eitthvað kemur upp á í leikskólanum.

Skoðun á heimasíðu leikskólans leiddi í ljós að fréttir eru reglulega settar á síðuna en auka má upplýsingar um starfið til að gera þær aðgengilegar fyrir aðila utan leikskólans. Einnig ætti að huga að því að setja á heimasíðuna hagnýtar upplýsingar á fleiri tungumálum.

Viðhorf foreldra

Foreldrar í rýnihóp voru mjög jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann og starfsmenn⁶⁸. Þeir sögðust vera hvattir af leikskólanum til að taka þátt í leikskólastarfinu og alltaf vera velkomnir í leikskólann og inn á deildir. Foreldrar sögðust geta fylgst með hvernig barninu gengur í leikskólanum í gegnum regluleg foreldraviðtöl þar sem ítarlega er farið yfir framfarir barnsins. Þeir nefndu að börnin væru vel undirbúinn fyrir grunnskólagöngu þar sem mörg þeirra væru orðin læs þegar þau færu í grunnskólann. Foreldrar sögðust telja að starfsandinn í leikskólanum væri góður og nefndu því til stuðnings að starfsfólkið væri glatt og brosandi og mikill stöðugleiki væri í starfsmannahópnum. Nefndu þeir að starfsfólkið væri tilbúið að koma til móts við börnin og að komið væri til móts við óskir foreldra. Þá lýstu foreldrar yfir mikilli ánægju með gæði matarins í leikskólanum og hvað börnin væru dugleg að borða hann. Ánægju með matinn mátti líka heyra í starfsmannahópnum.

Samstarf við grunnskóla

Fræðsluvið Reykjanesbæjar hefur gert upplýsingabækling fyrir foreldra um samstarf leik- og grunnskóla bæjarins og er yfirskrift hans *Samfella skólastiga*. Í bæklingnum kemur fram mikilvægi þess að leikskólabörn fái tækifæri til að kynnast væntanlegum grunnskóla meðan þau eru enn í leikskóla og líta skuli á fyrstu vikur grunnskólagöngunnar sem tímabil aðlögunar og undirbúnings. Einnig koma fram ýmsar gagnlegar upplýsingar fyrir foreldra. Leikskólinn hefur sinn heimaskóla og samstarfið miðar við hann. Fastar heimsóknir eru yfir skólaárið og heimsækja nemendur grunnskólans leikskólann að minnsta kosti einu sinni á ári og leikskólabörnin heimsækja grunnskólann að lágmarki sex sinnum á vetri. Í þessum heimsóknum skoða börnin grunnskólann, fara í kennslustund hjá 1. bekk, í íþróttatíma, á bókasafn, í tölvuver og borða í matsal með 1. bekk. Börnum sem ekki eiga skólavist í heimaskóla leikskólans er í maí boðið í heimsókn í þann grunnskóla sem þau munu fara í. Auk þessa kemur fram að leik- og grunnskólabörn hittast í kringum dag íslenskrar tungu, í desember og í maí er svo uppskeruhátíð allra leik- og grunnskóla⁶⁹.

Heimaskóli Garðasels er Heiðarskóli. Gerð er áætlun um samstarf vetrarins að hausti sem er svo endurmetið að vori. Matsaðilar sáu þessa áætlun þar sem búið er að skipuleggja samstarfið með dagsetningum. Einnig gerir sérkennslustjóri áætlun fyrir einhverfu börnin sem fá aðlögun sem er sniðin að þeirra þörfum í þeim skólum sem þau koma til með að ganga í. Í maí er fundur með grunnskólunum þar sem leikskólakennarar skila gögnum um börnin á þar til gerðum eyðublöðum frá Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar.

⁶⁶ Skólanámsskrá Garðasels 2015.

⁶⁷ Rýnihópur foreldra.

⁶⁸ Rýniviðtal foreldra.

⁶⁹ Upplýsingabæklingur Fræðsluviðs Reykjanesbæjar.

Annað samstarf

Gott samstarf er við aðra leikskóla í Reykjanesbæ. Leikskólastjórar hittast einu sinni í mánuði og ræða málin. Einu sinni á ári kemur Slökkviliðið í heimsókn með verkefnið um *Loga og Glóð* en það er samstarfsverkefni Brunavarna Suðurnesja og leikskólans um brunavarnir. Lögregla kemur í heimsókn í skólann einu sinni á ári og á vorin kemur umferðaskólinn með fræðslu fyrir elstu börn leikskólans. Listahátíð barna í Reykjanesbæ er haldin á vorin þar sem leikskólabörn sýna vinnu sína, unnið er með sameiginlegt þema allra leikskóla bæjarins. Elstu og næst elstu börnin fara reglulega á bókasafnið.

Styrkleikar

- Foreldrafélag er starfandi og styður vel við leikskólastarfið.
- Foreldrar fá handbók með greinagóðum upplýsingum í upphafi leikskólagöngu.
- Mjög vel er staðið að upplýsingagjöf til foreldra um starfið og börnin.
- Foreldrar eru ánægðir með starfsemi leikskólans og samskipti við stjórnendur og starfsfólk.
- Almenn ánægja er meðal foreldra og starfsmanna með matinn í leikskólanum.
- Vel er staðið að samstarfi við Heiðarskóla um aðlögun barna á milli skólastiga og upplýsingagjöf um þau.
- Bæklingur frá fræðsluviði Reykjanesbæjar um samskipti leik- og grunnskóla er til fyrirmyndar.

Tækifæri til umbóta

- Áfram ætti að leita leiða til að fá foreldra til þátttöku í foreldraráði með lýðræðislegum hætti.
- Foreldraráð þarf að setja sér starfsáætlun og vinnureglur.
- Leikskólastjóri þarf að boða til reglulegra funda með foreldraráði, skrá fundargerðir ráðsins og gera þær aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.
- Auka má upplýsingar um leikskólastarfið á heimasíðu leikskólans og huga að því að hafa hagnýtar upplýsingar þar á fleiri tungumálum.

Skóli án aðgreiningar

Sérfræðipjónusta og sérkennsla

Í Garðaseli starfar sérkennslustjóri í 100% starfi og hefur hann yfirumsjón með sérkennslumálum skólans. Í skólanámskrá kemur fram að í Garðaseli hafi öll börn jafnan rétt til náms og börn með sérþarfir séu þar engin undantekning⁷⁰. Áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun sem miðar að því að skima eftir og grípa inn í á viðeigandi hátt sem fyrst ef grunur leikur á frávikum frá aldurssvarandi þroska barnsins.

Leikskólinn gefur sig meðal annars út fyrir að nota atferlisþjálfun með einhverfum börnum og fyrir vikið eru nokkur börn með slíka greiningu í leikskólanum. Fram kom í viðtölum að skólinn hefur getið sér góðs orðs fyrir sérkennslu og að foreldrar í öðrum hverfum og öðrum leikskólum hafi óskað eftir flutningi fyrir börnin sín. Í því sambandi var bent á að þar sem stefnan væri að vinna sem mest með börnunum inni á deild og í hópastarfi með jafnöldrum þá myndaðist aukið álag á deildar þegar fjöldi barna sem nyti sérkennslu væri orðinn nokkur. Kom fram að marka þyrfti stefnu hjá sveitafélaginu um að fækka börnum á deild þegar sérkennslan hefði aukist að vissu marki⁷¹.

Sérkennslan er ein deild innan leikskólans, sérkennslustjóri er einn af stjórnendateyminu og tekur þátt í deildarstjórafundum. Sérkennslustjóri tekur starfsviðtal við starfsfólk sem sinnir sérkennslu og stuðningi en í sumum tilfellum taka deildarstjórar líka starfsviðtöl við stuðningsstarfsfólk ef það starfar fast á viðkomandi deild. Sérkennslustjóri ræðir þá um það sem viðkemur sérkennslu og deildarstjóri það sem viðkemur deildarstarfinu⁷².

⁷⁰ Skólanámskrá Garðasels.

⁷¹ Viðtal við sérkennslustjóra.

⁷² Viðtal við sérkennslustjóra, rýnivíðtal við deildarstjóra og starfsfólk í sérkennslu og stuðningi.

Sérkennslustjóri sér um að skipuleggja sérkennslu og stuðning ásamt leikskólastjóra. Á hans verksviði er meðal annars að fylgjast með börnunum ef grunsemdir vakna um þroskafrávik. Hann heldur utan um vinnu með einstaklingum sem eru með skilgreinda sérkennslu svo sem málþroskaröskun og einhverfu⁷³. Ef grunur vaknar um þroskafrávik hjá barni er sérkennslustjóri kallaður til eftir að deildarstjórar og starfsmenn deildar hafa fylgst með barninu og gert skráningar. Að athugun sérkennslustjóra lokinni eru foreldrar boðaðir í viðtal og þeim kynnt hver staða barnsins er, þeirra sjónamið fengin og rætt hvað hægt er að gera. Ef þurfa þykir er formlegt erindi um meiri aðstoð og greiningu sent til fræðslusviðs.

Sérkennslustjóri, ásamt deildarstjórum, gerir einstaklingsnámskrá fyrir börn sem njóta sérkennslu, hún er kynnt foreldrum og þeir koma með sínar óskir. Einstaklingsnámskrá er endurskoðuð reglulega⁷⁴. Teymi er myndað um börn sem eru með formlega greiningu. Sérkennslustjóri heldur utan um teymisfundum og sér um að boða alla aðila. Í viðtali við starfsmenn sem sinna sérkennslu og stuðningi kom fram að sérkennslustjóri skipuleggur vinnuna með börnunum og leiðbeinir þeim um hvaða verkefni á að leggja fyrir börnin og hvernig á að vinna með þeim⁷⁵. Kom fram að þegar væri verið að leggja eitthvað nýtt inn hjá börnunum væri oft byrjað á því að vinna einstaklingslega með þau en síðan væri vinnan færð inn á deildir. Vinna með börn sem þurfa sérstaka málörvun fer þó yfirleitt fram einstaklingslega eða í litlum hópum⁷⁶. Í rýnihóp starfsfólks sem sinnir sérkennslu og stuðningi kom fram að „*sérkennslustjóri fer yfir allt sem er að hjá barninu og hvernig á vinna með það. Hún fylgir því eftir hvort búið er að vinna þessa vinnu og hvernig gengur og kennir okkur ef það þarf að breyta áherslum*“⁷⁷. Nefndi starfsfólkið einnig að sérkennslustjóri færi daglega yfir árherslur í vinnu með barninu út frá einstaklingsnámskrá. Facebook er notuð til upplýsinga og samskipta við foreldra sérkennslubarna og er þá hvert barn með sína lokuðu síðu auk aðgengis að síðu viðkomandi deildar.

Leitast er við að fræða starfsfólk sem sinnir sérkennslu og stuðningi sem mest um sérþarfir viðkomandi barns, bæði með fræðsluefni og einnig er starfsfólk sent á námskeið þegar þau eru í boði. Allt starfsfólk viðkomandi deildar fær einnig fræðslu um barnið og kynningu á einstaklingsnámskrá þess. Á teymisfundum fer oft fram mikil fræðsla um þarfir viðkomandi barns og því er leitast við þegar því er við komið að sem flest af starfsfólki deildar sitji teymisfundina til að fræðast⁷⁸. Allt starfsfólk leikskólans fær upplýsingar um sérkennslubörn leikskólans og hvernig unnið er með þau⁷⁹. Í viðtölum við starfsmenn sem sinna sérkennslu og stuðningi kom fram ánægja með störf sérkennslustjóra og þann stuðning sem hann veitir þeim. Þeir eru einnig ánægðir með aðstöðuna sem sérkennslunni er búið sem og náms og efnivið til sérkennslu⁸⁰.

Matsmenn mátu allt sem viðkemur sérkennslu, skipulag, fræðslu og stuðning við starfsmenn til fyrirmyndar og öðrum til eftirbreytni.

Börn með annað móðurmál en íslensku

Mismunandi er frá ári til árs hvað eru mörg börn af erlendum uppruna í Garðaseli en þegar matið fór fram var um fjórðungur af barnahópnum af erlendum uppruna frá alls þrettán löndum. Ekki hefur verið mótuð áætlun um móttöku þessara barna þegar þau byrja í leikskólanum en alltaf er þó kallaður til túlkur í foreldraviðtölum. Leitað er til starfsmanna leikskólans sem tala móðurmál barnanna um aðstoð við aðlögun og samskipti. Í leikskólanum eru t.d. pólskir starfsmenn sem lesa fyrir pólsku börnin í samveru.

⁷³ Viðtal við sérkennslustjóra.

⁷⁴ Viðtal við sérkennslustjóra.

⁷⁵ Rýniviðtal við stuðningsaðila.

⁷⁶ Viðtal við sérkennslustjóra, rýniviðtal við starfsfólk í sérkennslu og stuðningi.

⁷⁷ Rýniviðtal starfsmanna í sérkennslu og stuðningi.

⁷⁸ Viðtal við leikskólastjóra og rýniviðtal við starfsmenn í sérkennslu og stuðningi.

⁷⁹ Viðtal við sérkennslustjóra.

⁸⁰ Viðtal við leikskólastjóra, sérkennslustjóra, rýnihópur við starfsfólk í sérkennslu og stuðningi.

Í starfsáætlun 2016–2017 segir að eitt af því sem leikskólinn þurfi að þróa betur hjá sér sé kennsla tvítyngdra barna. Kemur fram í áætluninni að íslenskukennsla og málörvun erlendra barna verði eitt af áhersluverkefnum starfsársins⁸¹. Fram kom í viðtali að unnið væri með börn af erlendum uppruna, sem þyrftu á sérstakri málörvun að halda, á svipaðan hátt og unnið er með börn með seinkaðan málþroska⁸². Sérstök áhersla er lögð á að auka orðaforða þeirra. Vinna með börnunum fer ýmist fram í hópum eða einstaklingslega. Ekki er unnið markvisst með fjölbreytileikann í barnahópnum og heima-menningu barnanna.

Styrkleikar

- Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann.
- Góð aðstaða er fyrir sérkennslu og aðgengi að efnivið og námsgögnum til sérkennslu er gott.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn sem þarfnast sérstaks stuðnings og góð eftirfylgni er með því að unnið sé samkvæmt þeim.
- Vel er unnið að málörvun barna með slaka málvitund.
- Vel er staðið að upplýsingum, stuðningi og fræðslu til starfsmanna sem sinna sérkennslu og stuðningi sem og til annarra starfsmanna.
- Lögð er áhersla á að sérkennsla/stuðningur fari sem mest fram í daglegu starfi og leik.
- Jafnrétti og hlutdeild allra í barnahópnum birtist í starfinu.
- Boðið er upp á tulkabjónustu í samskiptum við foreldra með annað móðurmál en íslensku.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að gera skipulag sérkennslu skriflegt og einnig þá verkferla sem unnið er eftir, komi upp grunur um frávík hjá barni.
- Æskilegt er að til sé skriflegt verklag um móttöku barna með annað móðurmál en íslensku.

Innra mat

Skipulag og viðfangsefni

Í skólanámskrá kemur fram að mat á fyrirkomulagi leikskólustarfsins fari fram reglulega, svo sem mat á hópavinnu, máltíðum, samverustundum, foreldraviðtölum og útivist⁸³. Að sögn leikskólustjóra eru starfshættir metnir óformlega yfir árið þannig að fólk ígrundar og skráir hjá sér það sem betur má fara og síðan er farið yfir það á starfsmannafundi eða skipulagsdegi að vori. Ekki er gerð nein áætlun um innra mat, hvorki til lengri né skemmri tíma. Matið er því ekki kerfisbundið. Ekkert matsteymi starfar við skólann.

Gagnaöflun og vinnubrögð

Mat á framförum barna fer fram reglulega með Hljóm-2, EFI-2, Mod og Heilsubók barnsins. Niðurstöður Hljóm-2 eru greindar fyrir hópinn og á einni deild eru teknar saman heildarniðurstöður úr heilsubók barnsins. Að öðru leyti eru niðurstöður mats á framförum barnanna ekki greindar markvisst fyrir barnahópinn. Niðurstöður úr foreldrasamtölum og starfsmannasamtölum eru notaðar í innra mati sem og skráningar einstaka starfsmanna við framkvæmd vikuáætlana.

⁸¹ Starfsáætlun 2016–2017.

⁸² Rýnivíðtal við sérkennslustjóra.

⁸³ Skólanámskrá Garðasels 2015.

Opinber birting og umbætur

Engar greinargerðir um innra mat eru á heimasíðu leikskólans og umbótaáætlun liggur ekki fyrir.

Styrkleikar

- Mat á starfsháttum er samofið daglegu starfi og starfsfólk ígrundar starfið á starfsdegi að vori.
- Reglulega fer fram mat á framförum barna og eru niðurstöður að hluta til greindar fyrir hópinn.
- Brugðist er við ábendingum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf.

Tækifæri til umbóta

- Innra mat skólans þarf að kerfisbinda með langtímaáætlun til nokkurra ára.
- Gera þarf nákvæmari matsáætlun fyrir hvert skólaár þar sem fram kemur viðfangsefni matsins, hvaða markmið eigi að meta og viðmið um árangur skilgreind. Tímasetja ætti matið og tilgreina ábyrgðaraðila og hvernig gagna á að afla.
- Allir hagsmunahópar ættu að koma að því að ákveða áherslur og skipulag innra mats t.d. með stofnun matsteymis sem í sitja fulltrúar stjórnenda, starfsfólks og foreldra.
- Leita þarf til allra hagsmunahópa þegar gagna er aflað, þar með talið foreldra og barna.
- Greina þarf styrkleika og tækifæri til umbóta fyrir innra matið í heild sinni og birta í greinargerð um innra mat eða í ársskýrslu/starfsáætlun.
- Vinna þarf áfram með tækifæri til umbóta og gera umbótaáætlun þar sem aðgerðir eru tilgreindar og tímasettar svo og ábyrgðaraðilar.

Matsþættir

Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.

- D → 1,0 – 1,5 = **rautt** – mikil umbótaþörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- C → 1,6 – 2,5 = **gult** – meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.
- B → 2,6 – 3,5 = **ljósgrænt** – meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
- A → 3,6 – 4 = **grænt** – flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Stjórnun	Uppeldis- og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og náms-aðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í starfi í Leikskólanum Garðaseli: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mat á námi og velferð barna, skólabragur og samskipti, velferð og líðan barna, foreldrasamvinna og ytri tengsl, skóli án aðgreiningar, innra mat. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat sett fram á sama hátt.

Styrkleikar

- Heilsustefna leikskólans er mjög sýnileg í starfinu þar sem lögð er áhersla á hreyfingu, hollt mataræði og útiveru.
- Markvisst er unnið að framtíðarsýn Reykjanesbæjar um samþættingu læsis og stærðfræði.
- Allir þátttakendur þekktu heilsustefnuna og margir nefndu hana og hreyfinguna sem helsta styrkleika skólans.
- Leikskólinn hefur sett sér gildi og voru þau sýnileg í vettvangsathugunum.
- Gott samstarf er við fræðsluvið Reykjanesbæjar og aðgengi að sérfræðipjónustu er gott.
- Almenn ánægja er með stjórnun í leikskólanum, leikskólastjórnendur leggja rækt við samskipti við börn, starfsmenn og foreldra.
- Leikskólastjórnendur eru sýnilegir í starfi og gott aðgengi er að þeim.
- Verkaskipting milli stjórnenda er skýr og samvinna góð.
- Leikskólastjórnendur leiða faglegt starf í samvinnu við stjórnendateymi.
- Stjórnendateymi fundar vikulega og mikil og góð samvinna er á milli deildarstjóra.
- Upplýsingaflæði innan leikskólans er gott.
- Stjórnendur skapa svigrúm og hvetja til símenntunar.
- Ítarleg skráning er gerð á símenntun starfsfólks.
- Ófaglært starfsfólk fær undirbúningstíma vikulega.
- Heildstæðar vikuáætlanir út frá framtíðarsýn Reykjanesbæjar og stefnu leikskólans eru til fyrirmyndar.
- Starfsandi og skólabragur er góður, traust og gagnkvæm virðing er á milli starfsfólks og því líður vel í vinnunni.
- Metnaður ríkir í leikskólanum og starfsfólk er stolt af starfi sínu.
- Húsnæðið er rúmgott og býður upp á að skipta barnahópnum í minni hópa.
- Tækifæri til vettvangsferða og útivistar er gott og vettvangsferðir eru farnar vikulega á öllum deildum.
- Umhyggja og uppbyggjandi samskipti einkenna samskipti starfsfólks við börnin og þau eru hvött til sjálfshjálpar.
- Deildarstjórar skipuleggja og leiða faglegt starf á deildum en allir starfsmenn bera ábyrgð á sínum hópi barna.
- Unnið er með grunnþætti menntunar og námssvið aðalnámskrár.

- Ritmál er sýnilegt í umhverfinu og unnið er með læsi á markvissan hátt með áherslu á málrækt og starfainnlögn.
- Mikil áhersla er lögð á hreyfingu, einn starfsmaður skipuleggur hreyfistundir og vinnur með öllum börnum leikskólans í sal.
- Lögð er áhersla á hollt mataræði og að vinna matinn frá grunni í leikskólanum.
- Unnið er markvisst með töluskilning og stærðfræði.
- Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar til að meta þroska og framfarir barnanna.
- Börnin eru glöð og líður vel í leikskólanum.
- Foreldrafélag er starfandi og styður vel við leikskólastarfið.
- Foreldrar fá handbók með greinagóðum upplýsingum í upphafi leikskólagöngu.
- Mjög vel er staðið að upplýsingagjöf til foreldra um starfið og börnin.
- Foreldrar eru ánægðir með starfsemi leikskólans og samskipti við stjórnendur og starfsfólk.
- Almenn ánægja er meðal foreldra og starfsmanna með matinn í leikskólanum.
- Vel er staðið að samstarfi við Heiðarskóla um aðlögun barna á milli skólastiga og upplýsingagjöf um þau.
- Bæklingur frá fræðsluviði Reykjanesbæjar um samskipti leik- og grunnskóla er til fyrirmyndar.
- Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann.
- Góð aðstaða er fyrir sérkennslu og aðgengi að efnivið og námsgögnum til sérkennslu er gott.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn sem þarfnast sérstaks stuðnings og góð eftirfylgni er með því að unnið sé samkvæmt þeim.
- Vel er unnið að málörvun barna með slaka málvitund.
- Vel er staðið að upplýsingum, stuðningi og fræðslu til starfsmanna sem sinna sérkennslu og stuðningi sem og til annarra starfsmanna.
- Lögð er áhersla á að sérkennsla/stuðningur fari sem mest fram í daglegu starfi og leik.
- Jafnrétti og hlutdeild allra í barnahópnum birtist í starfinu.
- Boðið er upp á túlkþjónustu í samskiptum við foreldra með annað móðurmál en íslensku.
- Mat á starfsháttum er samofið daglegu starfi og starfsfólk ígrundar starfið á starfsdegi að vori.
- Reglulega fer fram mat á framförum barna og eru niðurstöður að hluta til greindar fyrir hópinn.
- Brugðist er við ábendingum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf.

Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skóla- stjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.
- Afla þarf upplýsinga úr sakaskrá við ráðningu nýrra starfsmanna.
- Áfram þarf að huga að því að bæta hljóðvist í leikrýmum á eldri deildum og/eða bjóða upp á leikföng í viðkomandi rýmum sem styðja við rólegri leiki.
- Brýnt er að yfirfara og laga ýmsa hluti á lóð leikskólans, svo sem að fylla í holur og laga hellur.
- Gera má skólanámskrá og starfsáætlun sýnilegri á heimasíðu.

- Við endurskoðun skólanámskrár þarf að gera betur grein fyrir leiðum við innra mat og upplýsingum sem fylgja börnum þegar þau flytjast í grunnskóla eða á milli leikskóla.
- Við gerð skólanámskrár og starfsáætlunar ætti að huga að aðkomu foreldra og barna.
- Vinna þarf símenntunaráætlun fyrir leikskólann.
- Ljúka þarf endurskoðun starfsmannahandbókar.
- Gera þarf öryggis- og rýmingaráætlun sýnilega á öllum deildum leikskólans og gera rýmingaræfingar reglulega.
- Gera þarf viðbragðsáætlun vegna slysa sýnilega á öllum deildum leikskólans.
- Leita ætti leiða til að fjölga deildarfundum.
- Stjórnendur ættu markvisst að fylgjast með námi og starfi á leikskólanum í þeim tilgangi að gefa starfsfólki endurgjöf.
- Vinna ætti að því að auka lýðræðislega þátttöku barna í ákvörðunum sem varða skipulag og viðfangsefni.
- Æskilegt væri að endurskoða og skrá gildandi reglur í leikskólanum með aðkomu barnanna.
- Gera mætti skapandi starfi hærra undir höfði með því að hafa verk barnanna sýnilegri.
- Áfram ætti að leita leiða til að fá foreldra til þátttöku í foreldraráði með lýðræðislegum hætti.
- Foreldraráð þarf að setja sér starfsáætlun og vinnureglur.
- Leikskólastjóri þarf að boða til reglulegra funda með foreldraráði, skrá fundargerðir ráðsins og gera þær aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.
- Auka má upplýsingar um leikskólastarfið á heimasíðu leikskólans og huga að því að hafa hagnýtar upplýsingar þar á fleiri tungumálum.
- Æskilegt er að gera skipulag sérkennslu skriflegt og einnig þá verkferla sem unnið er eftir, komi upp grunur um frávik hjá barni.
- Æskilegt er að til sé skriflegt verklag um móttöku barna með annað móðurmál en íslensku.
- Innra mat skólans þarf að kerfisbinda með langtímaáætlun til nokkurra ára.
- Gera þarf nákvæmari matsáætlun fyrir hvert skólaár þar sem fram kemur viðfangsefni matsins, hvaða markmið eigi að meta og viðmið um árangur skilgreind. Tímasetja ætti matið og tilgreina ábyrgðaraðila og hvernig gagna á að afla.
- Allir hagsmunahópar ættu að koma að því að ákveða áherslur og skipulag innra mats t.d. með stofnun matsteymis sem í sitja fulltrúar stjórnenda, starfsfólks og foreldra.
- Leita þarf til allra hagsmunahópa þegar gagna er aflað, þar með talið foreldra og barna.
- Greina þarf styrkleika og tækifæri til umbóta fyrir innra matið í heild sinni og birta í greinargerð um innra mat eða í ársskýrslu/starfsáætlun.
- Vinna þarf áfram með tækifæri til umbóta og gera umbótaáætlun þar sem aðgerðir eru tilgreindar og tímasettar svo og ábyrgðaraðilar.

Lokaorð

Ytra mat með vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna í Leikskólanum Garðaseli leiðir í ljós að þar fer fram gott leikskólastarf. Heilsustefna leikskólans birtist mjög vel í starfinu og markvisst er unnið að framtíðarsýn Reykjanesbæjar um læsi og stærðfræði. Mikið er lagt upp úr góðu samstarfi við foreldra, þeir eru ánægðir með leikskólann og telja að börnunum líði vel. Þeir eru einnig afar ánægðir með upplýsingagjöf frá leikskólanum um starfið og börnin. Á vettvangi mátti greina virðingu og umhyggju fyrir börnunum og samvinna var góð. Skólabragur er góður og starfshópurinn hefur metnað fyrir góðu starfi. Til fyrirmyndar er hvernig deildarstjórar skipuleggja og leiða starf á deildum með vikulegum áætlunum. Til fyrirmyndar er einnig hvernig staðið er að sérkennslu og stuðningi við starfsfólk sem sinnir sérkennslu. Auka þarf lýðræðislega þátttöku barna í skólastarfinu. Skipuleggja þarf innra mat leikskólans og vinna það út frá áætlunum þar sem markvisst er fylgst með hvernig gengur að vinna að markmiðum skólanámskrár út frá fyrirfram ákveðnum viðmiðum.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011. Sótt á vef 12. maí 2016. Slóðin er:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>.

Ársskýrsla Garðasels, haust 2015–haust 2016.

Heilsuleikskólinn Garðasel: Starfsáætlun 2016–2017.

Leikskóladaatal 2016–2017.

Leikskólinn Garðasel: Heimasíða. Slóðin er: <http://www.leikskolinngardasel.is/>.

Leikskólinn Garðasel: Skólanámskrá 2015.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólustjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

Reykjanesbær: Framtíðarsýn.

Reykjanesbær: Heimasíða. Slóðin er: <http://www.reykjanesbaer.is/>.

Reykjanesbær. (2016). Menntastefna.

Þróunarverkefni Heilsuleikskólans Garðasels Reykjanesbæ. Það læra börn sem þau búa við.

Sótt 1. febrúar 2017. Slóðin er:

<http://www.leikskolinngardasel.is/files/pdf/lokaskyrsla-throunarverkefni.pdf>.

Viðtöl:

Símtal við leikskólafulltrúa Reykjanesbæjar.

Viðtal við leikskólastjóra.

Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

Viðtal við rýnihóp barna.

Viðtal við rýnihóp deildarstjóra.

Viðtal við rýnihóp foreldra.

Viðtal við rýnihóp starfsmanna.

Viðtal við sérkennslustjóra.

Viðtal við rýnihóp stuðningsaðila.

